



Golfklúbbur Reykjavíkur

Staðarreglur - Korpan

1. Vallarmörk eru girðingar, hvítar línur og hvítar stikur. Á **2, 3, 9 og 27.** braut markar steinkantur á malbikuðum vegi vallarmörk. Á **4. – 8.** braut marka malbikaðir gangstígar hægra megin vallarmörk. Á **9.** braut markar malbikaður stígur vinstra megin vallarmörk. Á **12. og 13.** braut markar malbikaður stígur hægra megin vallarmörk. Ávallt skal miða við þá brún malbiksins sem liggur nær vellinum.
2. Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður). **Engin lausn** fæst samkvæmt **reglu 15.2** (Hreyfanlegar hindranir)
3. Lendi bolti í rauðu vítasvæði vinstramegin við **13. brautin** eða á **14. brautinni**, hvort sem er innan vítasvæðis, eða útaf hægramegin, eða í gulu vítasvæði á **18. Braut**, má láta bolta falla í þar til gerðan fallreit, flatarmegin við vítasvæðið, **gegn einu vítahöggi**. Boltann þarf að láta falla innan fallreitsins og stöðvast innan hans. Ef boltinn eftir upphafshögg fer alveg yfir vítasvæðið (Korpuá) á **14. braut**, þar sem hún er merkt sem rautt vítasvæði en hoppar þaðan til baka inn í vítasvæðið má leikmaður taka lausn samkvæmt **reglu 17.1** en þó aldrei nær holu.
4. Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

Tímabundnar staðarreglur:

1. Á **16. braut** er blámerkt grund í aðgerð þaðan má fara vítalaust út úr, á þar til gerða fallreiti. Stysta leið út úr svæðinu í þann fallreit sem ekki er nær holu.

Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9750